

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 04120008	Abm.	PP
Db.	022-66	Aðrir	
Mótt.	29.03.06	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Reykjavík 20. Mars 2006

Til : Þingnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar

Efni: Tillögur að atriðum sem eiga heima í endurskoðari stjórnarskrá

Frá: Herdísí Þorvaldsdóttur, leikkonu, Dunhaga 19, Reykjavík

Ágæta þingnefnd.

Ég leyfi mér hér með að koma á framfæri áhyggjum mínum af brýnasta og mest aðkallandi vandamáli landsins okkar í dag, sem er gróðureyðingin.

Stjórnarskrá Íslands hlýtur að byggja á þeim grunni sem tryggir að landið okkar verði ekki örfoka og óbyggilegt, eins og þó allt bendir til að verði, að óbreyttu. Við erum þekkt fyrir að eiga það land í Evrópu, þar sem hnignun og eyðing jarðvegs af völdum búsetu er hvað mest. Þarf að leita til norðurhluta Afríku til samjafnaðar. Um það bil helmingur gróðurríkisins er horfinn. Gróðurmoldin, dýrasta auðlindin okkar, fýkur í tonnatali á haf út á hverju ári, og stöðugt stækka eyðimerkurnar og gróðurþekjan rýrnar.

Þetta er staðreynd, sem stofnanir ríkisins sem þessu eiga að sinna, er vel kunnug. Á meðan ekki er tekist á við grunnvandamálið, sem er rányrkja og ofbeit sem fylgir stjórnlausri lausagöngu búfjár, frá fjalli til fjöru, óháð því hvaða skaða hún veldur, er Landgræðslan að vinna Bakkabræðra vinnu og búin að vera að því í 99 ár. Þessi barátta ríkisstofnana í dag er álíka gáfuleg og verið væri að eyða stór fé í að þrjóna fokdýra peysu sem stöðugt væri rakið meira neðan af en vinnst. Hvar endar það?

Hvað munu afkomenður okkar halda um okkur? Að við höfum verið blind á gjörðir okkar, skammsýn og föst í viðjum vanans? Að gegn betri vitund höfum við níðst á landinu og rýrt gæði þess til framtíðar?

Þess er ekki þörf í dag. Hér er ekki spurning um að eiga eitthvað til matar hvern dag. Við þurfum að koma þegar í stað í

veg fyrir frekari eyðingu á náttúrulegri góðurþekju landsins, með kjarri sínu og lyngheiðum og blómgróðri, ef það er þá ekki orðið of seint.

Lausnin er að stunda ræktunar búskap í stað rányrkju. Hafa búfé í girðingum á völdum beitarsvæðum í umsjá eigenda. Þá loksins er hægt að fara að gera alvöru áætlun um hvernig við getum snúið vörn í mannsæmandi sókn og hætt að ausa í botnlausu tunnu eins og Bakkabræður.

Til að koma þessu í framkvæmd þyrfti að vera ákvæði í stjórnarskránni um það að óheimilt sé að ganga á gróður landsins með rányrkju og lausagöngu búfjár, og einnig tínslu á villtum blómjurtum til iðnaðar.

Er það síðasttalda vert sérstakrar athugunar. Einkafyrirtæki hafa á undanförunum árum notað ógrynni af villtum blómgróðri í framleiðslu á t.d. snyrtivörum. Fulltrúi eins fyrirtækis á norðurlandi sagði í blaðaviðtali fyrir nokkrum árum að það þyrfti mörg tonn af jurtum það sumarið í framleiðsluna og myndi fyrirtækið borga tínslufólki vel fyrir kílóíð. Hvað skyldi vera eftir af blómskrúði þar um slóðir? Af fjallagrösom sem eru tíu ár að endurnýja sig? Ég sá í erlendu umhverfisblaði að þeir sem nýta plöntur til framleiðslu í BNA yrðu að rækta þær sjálfir. Óheimilt væri að ganga á gróðurríkið. Hér er ekkert hægt að aðhafast á meðan lausaganga búfjár er leyfð. Það eru seinustu forvöð að sjá að okkur og bjarga því sem bjargað verður. Ég geri það að tillögu minni að ofangreind atriði verði tekin til athugunar þegar verið er að setja stjórnarskrá sem verja á ýmsar auðlindir sem eru okkur miklu fjarri en jarðvegs- og gróðurauðlindin.

Allar fullyrðingar mínar um ástand gróðursins er hægt að sannreyna úr ritum Landgræðslunar, vísindaritgerðum á veraldarvefnum og frá náttúrufræðingum.

Með vinsemd og virðingu, Herdís Þorvaldsdóttir.

Afrit sent þingmönnum.